



Haukur Þorgeirsson

*Hnútasviða Sievers prófessors
– Um bragfræði Völuspár*

SÓN

TÍMARIT UM
ÓÐFRÆÐI

14 2016

SÓN

TÍMARIT UM ÓÐFRÆÐI

14. HEFTI

RITSTJÓRAR

ANNA ÞORBJÖRG INGÓLFSDÓTTIR

HAUKUR ÞORGEIRSSON

ÓÐFRÆÐIFÉLAGIÐ BOÐN

REYKJAVÍK

2016

Són

er helguð óðfræði og ljóðlist

ÚTGEFANDI
Óðfræðifélagið Boðn

VEFUR ÚTGEFANDA OG TÍMARITS
bodn.is

RITSTJÓRAR
Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir
Sími: 660 5907. Netfang: annaing@bi.is

Haukur Þorgeirsson
Sími: 849 9381. Netfang: haukurth@bi.is

RITNEFND
*Alda Björk Valdimarsdóttir, Bjarki Karlsson, Bjarni Stefán Konráðsson,
Helgi Skúli Kjartansson, Klaus Johan Myrvoll, Kristján Árnason,
Kristján Eiríksson, Kristján Jóhann Jónsson, Mikael Males,
Ragnar Ingi Aðalsteinsson, Rósa Þorsteinsdóttir, Sveinn Yngvi Egilsson,
Þórður Helgason, Þórunn Sigurðardóttir*

MYND Á KÁPU
Aðalsteinn Svanur Sigfússon

UMBROT
Bjarki Karlsson

LETUR
Greinar: *Junicode eftir Peter Baker*
Ljóð: *Adobe Garamond Pro*

PRENTUN
Litlaprent

ISSN 1670-3723

Efni

I. RITRÝNDAR GREINAR

Rósa Þorsteinsdóttir: „ <i>Það vill heldur djassinn ...</i> “ <i>Um vinsældir rímnakveðskapar á síðustu öld</i>	13
Þorgeir Sigurðsson: <i>Tvískelfdur háttur</i> og REKSTEFJA	37
Heimir Pálsson: <i>Tilraun til menningarbyltingar</i>	77
Sigurður Konráðsson og Ragnar Ingi Aðalsteinsson: <i>Hlutföll hljóða í ljóðstöfum</i>	105
Haukur Þorgeirsson: <i>Hnútasvipa Sievers prófessors – Um bragfræði VÖLUSPÁR</i>	117

II. ÓÐFLUGUR OG UMRÆÐUGREINAR

Atli Harðarson: <i>Þýðing á SKÖPUNINI eftir Oðýssea Elytis</i>	151
Helgi Skúli Kjartansson: <i>Sönglög og bragliðir</i>	169
Þórunn Sigurðardóttir: „ <i>Af hræðum hjörtum</i> “ – <i>Tregablandið þakklæti</i> <i>í heillaósk til handa árgömlu barni eftir Ara Jochumsson</i>	175
Kolbrún Lilja Kolbeinsdóttir: <i>Stigið yfir þröskuld táranna –</i> <i>Um UPPHAFNINGU INÖNNU eftir Enhedúönnu</i>	181
Þórður Helgason: <i>Boð á ástarfund</i>	191

III. RITSTJÓRNAREFNI

Óðfræðifélagið Boðn – Annáll ársins 2016	202
Tilkynning: Boðnarþing 2017 – Ljóðlist á 21. öld	204

L J Ó Ð

Sigurður Pálsson: ÓMUNATÍÐ – (Sónarljóð 2016)	6
Jón Ingvar Jónsson: NJÁLSRÍMUR	33
Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir: VERKLOK	75
Soffía Bjarnadóttir: MEÐ TUNGUNNI	103
Eiríkur Örn Norðdahl: LJÓÐ UM SÝNILEIKA	114
Sigurlín Bjarney Gísladóttir: TVÍEIN/NN (HERMAFRÓDÍTUS OG SALMAKIS Í TJÖRNINNI)	166
Dagur Hjartarson: EFTIR NÆTURVAKT Á KLEPPI	174
Þórður Helgason: AF JÓLAKETTI	180
Guðrún Hannesdóttir: LAUS TAUMUR	198

Sónarljóð 2016

Ómunatið

Laufið er fokið
baulið í kúnum
lágvært og haustlegt

Trén standa í garðinum
bíða eftir hvítum svefni

Eitt sinn hefði ég sagt:
örþreytt
standa trén í garðinum

Núna fullyrði ég ekkert
um tilfinningar trjáa
ekkert um lopaprjónaða
nóvemberþoku

Fullyrði ekkert um linditrén
við stöðuvatnið
þar sem hótelið var

Núna reyni ég
að vera reiðubúinn til ferðar
á hverju kvöldi

Sónarljóð 2016

Sérhver nótt
nýtt ferðalag yfir heiðina
Sérhver nótt ómunatíð

Reyni að muna feginleikann
að vera kominn niður
hinum megin

Furðan að sjá linditré
við stöðuvatnið
þar sem hótelið var ...

Sónarskáld

Sigurður Pálsson (f. 1948) gaf út sína fyrstu ljóðabók árið 1975 og nú eru ljóðabækur hans orðnar sextán. Sú nýjasta heitir *Ljóð muna rödd*. Hann hefur einnig samið leikrit og gefið út minningabækur og sinnt mikilsverðum þýðingum úr frönsku. Sigurður er menntaður í leikhúsfræðum og bókmenntum frá Sorbonne háskóla í París og hefur kennt við Leiklistarskóla Íslands en síðustu ár hefur hann kennt ritlist við Háskóla Íslands. Sigurði hafa hlotnast margvíslegar viðurkenningar fyrir ritstörf sín, bæði hérlendis og í Frakklandi.

Höfundar greina

Atli Harðarson (f. 1960) er heimspekingur og með doktorspróf í uppeldis- og menntunarfræðum frá Háskóla Íslands. Hann er lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Haukur Þorgeirsson (f. 1980) er með doktorspróf í íslenskri málfræði frá Háskóla Íslands. Hann er rannsóknardósent við Handritasvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Heimir Pálsson (f. 1944) er cand. mag. í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands og með dósentpróf frá Uppsalaháskóla. Hann hefur lengst af starfað að menntamálum og bókaútgáfu og stundar nú sem eftirlaunamaður rannsóknir á Snorra-Eddu.

Helgi Skúli Kjartansson (f. 1949) er cand. mag. í sagnfræði frá Háskóla Íslands. Hann er prófessor í sagnfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Kolbrún Lilja Kolbeinsdóttir (f. 1987) er með MA-próf í almennri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands. Hún er sjálfstætt starfandi fræðimaður hjá Reykjavíkurakademiunni og stundar rannsóknir á bókmenntaarfi Mesópótamíu; þýðingar úr súmersku og akkadísku og greiningar á þeim verkum. Einnig skrifar hún greinar og bókadóma, meðal annars á miðlunum *Hugrás* og *Sirkustjaldinu*.

Sigurður Konráðsson (f. 1953) er cand. mag. í íslenskri málfræði frá Háskóla Íslands. Hann er prófessor í íslensku við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson (f. 1944) er doktor í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann er ljóðskáld og fyrrverandi adjunkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands en er nú sjálfstætt starfandi fræðimaður.

Rósa Þorsteinsdóttir (f. 1958) er með MA-próf í þjóðfræði frá Háskóla Íslands. Hún er rannsóknarlektor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Þorgeir Sigurðsson (f. 1957) er rafmagnsverkfræðingur frá DTU í Kaupmannahöfn og með MA-próf í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands. Hann er doktorsnemi í íslenskri málfræði.

Þórður Helgason (f. 1947) er cand. mag. í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann er ljóðskáld og fyrrum dósent í íslensku við Menntavísindasvið Háskóla Íslands en er nú sjálfstætt starfandi fræðimaður .

Þórunn Sigurðardóttir (f. 1954) er með doktorspróf í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hún er rannsóknarlektor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ljóðskáld

Dagur Hjartarson (f. 1986) hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar árið 2012 fyrir ljóðabók sína *Par sem vindarnir hvílast - og fleiri einlæg ljóð* og 2016 kom út skáldsaga hans *Síðasta ástarjátningin*. Dagur er menntaskólakennari í Reykjavík og fæst við ritstörf í tómstundum.

Eiríkur Örn Norðdabl (f. 1978) er ísfrskur rithöfundur, þýðandi og ljóðskáld. Hann hefur gefið út fimm skáldsögur, sex ljóðabækur, matreiðslukver og tvö ritgerðasöfn og hafa verk hans birst á ótal tungumálum. Fyrir skáldsöguna *Illsku* (2012) hlaut hann Íslensku bókmenntaverðlaunin og Transfuge-verðlaunin fyrir bestu norrænu skáldsöguna í Frakklandi. Bókin var auk þess tilnefnd til annarra verðlauna, meðal annars Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Ljóðabókin *Óratorrek – ljóð um samfélagsleg málefni* er væntanleg frá Máli og menningu 2017.

Guðrún Hannesdóttir (f. 1944) er bókasafnsfræðingur að mennt en hefur einnig sinnt ritstörfum og myndskreytingum um langt skeið. Hún hefur meðal annars safnað og gefið út alþýðukveðskap úr skriflegri og munnlegri geymd og myndskreytt bækur eftir sjálfa sig og aðra. Guðrún hefur gefið út sjö ljóðabækur og sú nýjasta, *Skin*, kom út árið 2016.

Jón Ingvar Jónsson (f. 1957) er forritari og leiðsögumaður. Hann hefur lengi fengist við ljóðagerð og ljóð eftir hann hafa birst í tímaritum og bókum.

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir (f. 1958) er þjóðfræðingur og með doktorspróf í íslenskum bókmenntum. Hún hefur meðal annars starfað sem háskólakennari, skólameistari, fræðimaður og alþingismaður. Ólína er rithöfundur og kvæðakona og hefur sinnt ljóðagerð um árabíl. Árið 2009 kom út hennar fyrsta og hingað til eina ljóðabók, *Vestanvindur. Ljóð og lausir endar*.

Sigurlin Bjarney Gísladóttir (f. 1975) er með MA-próf í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands og stundar nú doktorsnám við sama skóla. Árið 2016 gaf hún út ljóðabókina *Tungusól og nokkrir dagar í maí* sem var jafnframt hennar sjötta bók en hún hefur einnig skrifað smásögur, örsögur og nóvellu.

Soffía Bjarnadóttir (f. 1975) er rithöfundur og skáld. Fyrsta skáldsaga hennar, *Segulskekkja*, kom út árið 2014 og ljóðabókin *Beinhvít skurn* árið 2015. Soffía er með MA-próf í almennri bókmenntafræði og MA-próf í ritlist frá Háskóla Íslands. Ný ljóðabók er væntanleg frá Soffíu vorið 2017.

Þórður Helgason (sjá yfirlit um höfunda greina).

SÓN

Són, tímarit um óðfræði, kemur út árlega og birtir ritrýndar rannsóknargreinar og yfirlitsgreinar um hvaðeina á sviði ljóðlistar, skáldskaparmála og bragfræði. Þetta köllum við einu nafni óðfræði.

Auk þess birtir tímaritið ritstýrðar umræðugreinar og smágreinar á sama sviði, frásagnir af rannsóknarverkefnum og ritfregnir.

Á milli greina eru frumbirt ljóð eða ljóðabýðingar skálda sem leitað hefur verið til. Sérstakan heiðursess skipar Sónarskáldið hverju sinni með fyrsta ljóð hvers heftis. *Són* birtir jöfnum höndum háttbundin ljóð og ljóð í frjálsum formi.

Leiðbeiningar til þeirra sem hafa hug á að skrifa greinar er að finna á vefsíðu Óðfræðifélagsins Boðnar, bodn.is, en Boðn er útgáfufélag *Sónar*. Á vefnum er jafnframt greint frá ferli ritrýningar.

Áskrifendur *Sónar* eru jafnframt félagar í Óðfræðifélaginu Boðn, hafa atkvæðisrétt á aðalfundum og eru kjörgengir til stjórnar félagsins. Sjá nánar lög þess á bodn.is.

Áskrift

Til þess að panta áskrift að tímaritinu eða breyta henni, vinsamlega sendið póst á netfangið son@bodn.is en póstur á það netfang berst ritstjórum og gjaldkera félagsins hverju sinni.

Frá ritstjórum

Til lesenda

Tímaritið *Són* kemur nú fyrir sjónir lesenda sinna í fjórtánda sinn, fullt af áhugaverðu efni að vanda. Ritryndar greinar eru fimm og ritstýrðar óðflugur og umræðugreinar eru einnig fimm að tölu. Sónarskáld að þessu sinni er Sigurður Pálsson sem er öllum ljóðaðunnendum að góðu kunnur en nýjasta ljóðabók hans, *Ljóð muna rödd*, var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2016. Sigurður hlaut verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu 2016 og forseti Íslands sæmdi hann riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu á nýársdag 2017 fyrir framlag sitt til íslenskra bókmennta og menningar. Átta önnur íslensk ljóðskáld eiga frumbirt ljóð í heftinu.

Við viljum þakka öllum greina- og ljóðahöfundum sem og ritrynum og yfirlesurum fyrir þeirra ólaunaða starf og mikilsverða framlag í þágu *Sónar*. Ábendingum um efni; greinar, ljóð og ljóðabýðingar, má koma til ritstjóra.

Tekin hefur verið upp sú nýjung að auðkenna enn betur en áður ritryndar greinar í *Són* með sérstöku merki í lok hverrar greinar og á upphafssíðu hins ritrynda hluta (sjá næstu opnu). Merkið er byggt á mynd sem Magni Þór Pétursson hannaði og leyfði okkar að laga að tilefninu en myndin prýddi upphaflega kápu 10. heftis *Sónar*. Ritstjórar færa Magna Þór hér með sínar bestu þakkir.

Áskriftargjaldið er innheimt með rafrænum greiðsluseðli sem kemur fram í heimabanka. Þeir áskrifendur sem ekki eru með heimabanka fá reikning í pósti með heftinu og geta greitt hann í banka. Hægt er að fá eldri hefti *Sónar* við vægu verði og nýir áskrifendur fá síðasta hefti sér að kostnaðarlausu.

Athygli lesenda er vakin á aðalfundi Boðnar þann 15. febrúar 2017 og árlegu Boðnarþingi sem haldið verður 28. apríl 2017, sjá nánar hér aftar í heftinu.

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Haukur Þorgeirsson, ritstjórar

I

Ritrýndar greinar



Haukur Þorgeirsson

Hnútasvipa Sievers prófessors

Um bragfræði Völuspár

1. Inngangur

Er nokkurt vit í þeirri bragfræði sem sett hefur verið fram um fornan norrænan kveðskap? Er hægt að hafa af henni gagn eða er hún aðeins fræðilegur hugarburður sem stendur þegar verst lætur í vegi fyrir réttum skilningi á fornum textum? Mig grunar að margir sem einhverja nasasjón hafa af þessum fræðum hafi spurt sig að þessu. Til marks um þetta sýni ég hér tvö dæmi þar sem íslenskir fræðimenn hafa fengist við sjálfan höfuðpaur hinnar germönsku bragfræði, Eduard Sievers (1850–1932), sem lengst var prófessor í Leipzig.

Eitt af því sem Helgi Hálfðanarson fékkst við á langri ævi var að skýra kveðskap Egils Skallagrímssonar. Þar á meðal er vísa úr SONATORREKI sem endar svona í handritunum:

færa ek andvígr
Ægis mani

Þennan texta tók Helgi gildan og andmælti því hvernig fræðimenn hafa hróflað við honum. Helgi segir:

Nú er skylt að geta þess, að ástæðan til þess hve mjög þessum handritstexta hefur verið brenglað í útgáfum er m. a. sú, að nauðsynlegt hefur þótt að lappa dálítið upp á kveðandina fyrir gamla manninn. T. d. telst 8. vo. of stutt vegna þess að *a*-ið í *mani* er stutt, og því hneyksli hefur verið forðað með því að bæta *ok* framanvið. Hér hefur hinsvegar handritið verið tekið trúanlegt um að Egill hafi rétt sem snöggvast gleymt hnútasvipu Sievers prófessors og ort í trássi við hans ágætu reglur.

(Helgi Hálfðanarson 1954:24)

Þetta er listilega skrifað og sýnir hvernig Helgi hefur upplifað bragfræðina hans Sievers – sem einhvers konar pyntingatæki. Má ætla að með svipu þessa að vopni hafi fræðimenn látið högginn dynja á gömlum kvæðum – og ef til vill líka á ungum nemendum.

Aðra glósu um Sievers gamla er að finna hjá Sigurði Nordal, í útgáfu hans á *Egils sögu Skallagrímssonar*. Nordal segir:

Ég kynntist Sievers og vinnubrögðum hans talsvert í Leipzig haustið 1921. Þótti mér mikið til mannsins koma, en um niðurstöður hans virtist mér nærri því jafntorvelt að dæma fyrir aðra menn og um tíðindi þau, er ófreskir menn segja frá öðrum heimi. ... Sievers þóttist geta skorið úr því með vissu, jafnvel um einstök vísuorð, hvort þau væri ort af Norðmanni eða Íslendingi.

(Sigurður Nordal 1933:ix)

Ég hygg að þessi klausa hafi verið það fyrsta sem ég las um rannsóknir Sievers og lengi vel það eina. Af þessari viðkynningu er þess sennilega lítt að vænta að lesendur fýsist eftir frekari fróðleik. En hér varðar miklu að það sem Sievers var að fást við haustið 1921 var einkennileg kenning sem nefndist *Schallanalyse* og mun hún ekki eiga sér neina fylgismenn í seinni tíð. En meginframlag Sievers til bragfræðinnar – fimmgreinakerfið – er enn við lýði meðal flestra þeirra sem fást við forngermanska bragfræði og hefur því vaxið ásmegin undanfarna áratugi (Fulk 2016:270).

Í þessum texta er grein gerð fyrir flokkunarkerfi Sievers um bragfræði fornyrðislags í þeirri mynd sem nú tíðkast helst. Ég reyni hér að gera efnið sem aðgengilegast þeim sem ekki þekkja það fyrir. Jafnframt tekst ég á við nytsemi þessa kerfis – til hvers er þetta svo sem og af hverju er þetta svona flókið? Niðurstaðan er að að þetta séu vissulega tyrfin fræði en eigi að síður gagnleg og erfitt að einfalda þau verulega án þess að glata gagnseminni.

VÖLUSPÁ er hér valin sem prófsteinn. Ég notast við útgáfu Gísla Sigurðssonar (1998) en þar er farið mjög nálægt texta Konungsbókar. Ólíkt Gísla nota ég þó samræmda stafsetningu forna og styðst þar við útgáfu Jónasar Kristjánssonar og Vésteins Ólasonar (2014). Ég sleppi dvergatalinu (vísun 11–16) vegna þess að það mundi flækja umfjöllunina svo mikið að taka það með. Bæði er að nafnapulur hafa ákveðin bragfræðileg sérkenni og hitt að mikið veltur á túlkun einstakra nafna, t.d. hvort lesið er *Þorinn* eða *Þórinn* í vísuorði 12.3.

2. Grundvöllur hins forna brags

Hin hefðbundna greining á norrænu fornyrðislagi og hliðstæðum vesturgermönskum bragarháttum er reist á tvöföldum grunni: áherslu og atkvæðabyngd og verður nú rætt um hvorn þátt fyrir sig.

Nútímakveðskapur á íslensku grundvallast á áherslu. Málið sjálf hefur mismikla náttúrulega áherslu á einstökum orðum og atkvæðum og með því að skipa orðum með tilteknum hætti má búa til texta sem falla inn í regluleg áherslumynstur kveðskapar. Nafnorð og lýsingarorð hafa venjulega þá áherslu að þau henta vel í bragfræðileg ris. Samtengingar og forsetningar hafa venjulega ekki slíka áherslu og eiga betur heima í bragfræðilegum hnigum. Brugðið getur til beggja vona með sagnorð, atviksorð og fornöfn. Lítum á dæmi:

Hjer vil eg una æfi minnar daga
 alla sem guð mjer sendir. Farðu vel,
 bróðir og vinur! – So er Gunnars saga.
 (Jónas Hallgrímsson 1838:33)

Áherslulausu orðin hér eru samtengingar (*sem, og*), sagnir (*vil, er*) og fornafn (*mér*). Tengsl orðflokka við áherslu eru ekki síður sterk í fornum kveðskap eins og sést hér á eftir.

Lítum nú á feitletruðu orðin í eftirfarandi línunum:

því **hafgáng** þann eí hefta veður blið
 ...
 þar mátti kjenna **Kolskjegg** allur líður
 (Jónas Hallgrímsson 1838:33)

Í nútímamáli hafa orð eins og *hafgang* og *Kolskegg* eins konar valfrjálsa aukaáherslu á seinna atkvæði (Kristján Árnason 2005:442 – sjá einnig Sigurð Kristófer Pétursson 1924:66–68 og Kristján Árnason 2013:203). Í kveðskap kærnum við okkur venjulega kollótt um þessa aukaáherslu. Þetta sést í línunum hér að ofan eftir Jónas þar sem *hafgang* og *Kolskegg* virka eins og venjulegir tvíliðir, rétt eins og t.d. *hefta* og *kenna*. Í fornum kveðskap var þessu farið mjög á annan hátt. Þá var aukaáherslan í orðmyndum eins og *hafgang* mikilvægt atriði í uppbyggingu bragarins.

Hin stoðin undir hinum forna kveðskap er þyngd (eða lengd) atkvæða. Þar bregst okkur brageyrð því að íslenska hefur, eins og mörg evrópsk mál, glatað aðgreiningu þunga og léttra áhersluatkvæða. En

þótt við heyrum ekki þann greinarmun er auðvelt að læra að greina hann í texta eins og nú segir.

Stutt sérhljóð að fornu voru *a, e, i, u, o, y, ρ, ø*. Létt atkvæði voru þau sem höfðu stutt samhljóð ef aðeins eitt samhljóð fór á eftir. Til dæmis voru fyrstu atkvæðin í eftirfarandi orðum létt: *sofa, talaði, arinn*. Ef tvö samhljóð fóru á eftir stuttu sérhljóði var atkvæðið þungt. Til dæmis voru fyrstu atkvæðin í eftirfarandi orðum þung: *sofna, kallaði, Herjann*.

Löng sérhljóð að fornu voru *á, é, í, ú, ó, ý, æ, œ, au, ei, ey*. Ef ekkert samhljóð fór á eftir löngu sérhljóði var atkvæðið létt – til dæmis fyrri atkvæðin í *róa, blýi, Þráinn*. Ef eitt samhljóð eða fleiri fóru á eftir langa sérhljóðinu var atkvæðið þungt – til dæmis fyrri atkvæðin í *búri, flýja, Óðinn*.

Í næsta kafla er sýnt að atkvæðaþyngd skiptir höfuðmáli þegar VÖLUSPÁ er greind.

3. Tvö tvíkvæð orð

Íslenskur kveðskapur í seinni tíð hefur venjulega býsna reglulega hrynjandi, oftast víxlhrynjandi þar sem áherslupung og áherslulétt atkvæði skiptast á. Forn kveðskapur hafði mun fjölbreyttari hrynjandi og getur verið yfirþyrmandi að innbyrða það allt í einu. Hér er því farin sú leið að skoða hvert mynstur fyrir sig.

Ein gerð af vísuorðum sem er mjög algeng í flestum eða öllum kvæðum undir fornyrðislagi inniheldur tvö tvíkvæð orð og ekkert annað. Við skulum fyrst líta á vísuorð af þessu tagi sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- » Fyrri orðið stuðlar eða bæði gera það.
- » Bæði orðin enda á beygingarendingu en eru ekki rótsamsett eða viðskeytt.

Mér telst til að 50 vísuorð í Völuspártexnanum séu í samræmi við þessa lýsingu. Þau eru eftirfarandi:

1.2 allar kindir	2.4 fœdda höfðu	4.4 mæran skópu
4.8 grœnum lauki	5.2 sinni mána	7.5 afla lögðu
7.7 tangir skópu	8.2 teitir váru	8.6 þursa meyjar
10.3 dverga allra	19.4 hvíta auri	20.11 alda börnum
21.4 geirum studdu	21.6 hána brenndu	21.7 þrysvar brenndu
21.8 þrysvar borna	22.8 illrar þjóðar	23.8 gildi eiga
24.6 borgar ása	24.8 völlu sporna	25.6 lævi blandit
27.4 helgum baðmi	27.6 aurgum forsi	31.6 *völlum hæri
36.4 Sindra ættar	37.2 sólu fjarri	37.8 orma hryggjum

38.2 þunga strauma	39.4 Fenris kindir	40.1 fyllisk fjörvi
40.2 feigra manna	40.4 rauðum dreyra	41.3 gýgjar hirðir
44.4 sífjum spilla	44.12 öðrum þyrma	50.5 stynja dvergar
55.4 heiðar stjörnur	57.2 öðru sinni	57.5 falla forsar
57.8 fiska veiðir	58.4 máttkan dæma	58.8 fornar rúnar
59.3 gullnar tölur	59.6 áttar höfðu	60.2 akrar vaxa
61.4 brœðra tveggja	62.2 sólu fegra	62.3 gulli þakðan
62.6 dróttir byggja	62.8 ynðis njóta	

Öll orðin í þessari upptalningu hafa þungt fyrra atkvæði. Þetta er ekki vegna þess að textinn hafi verið nuddaður eitthvað til – eina vísuorðið þarna sem hefur verið lagað frá því sem stendur í handritinu er vo. 31.6 en í handritinu vantar *m*-ið í *vøllum*. Sú leiðrétting er ekki gerð af bragfræðilegum ástæðum enda breytir hún engu um atkvæðabyngd eða áherslumynstur.

Annað orð er þó þarna sem segja verður svólitið um en það er *hána* sem í nútímamáli er *hana* (þf. af *bún*). Góðar heimildir eru fyrir því að í fornu máli hafi fyrra atkvæðið verið þungt. Nærtækasta heimildin er PLÁCITUSDRÁPA (frá 12. öld) þar sem rímið krefst sérhljóðsins *á*:

PLÁCITUSDRÁPA 50.6 fránbauks sás tók hána

(Louis-Jensen og Wills 2007:212)

Það er því ekki gripið úr lausu lofti að rita *hána* í VÖLUSPÁ.

Niðurstaðan er sem sagt að við höfum 100 dæmi um orð með þungt fyrra atkvæði og ekkert dæmi um orð með létt fyrra atkvæði. Þetta er strax óræk sönnun þess að atkvæðabyngd skiptir máli í VÖLUSPÁ, enda mun það sjást út í gegnum þessa greiningu.

Ef bragfræðin á að gagnast vel lýsir hún ekki aðeins því sem kemur fyrir heldur einnig því sem kemur ekki fyrir. Af ofangreindu sést að vísuorð eins og **salir fornir* eða **gildi hafa* eða **drekar fara* finnast ekki í VÖLUSPÁ.

Nú kemur raunar í ljós að til eru allnokkur tilfelli þar sem fyrra atkvæðið í seinna orðinu er létt. Við skulum líta á þau:

32.8 einnættir vega	36.7 bjórsalr jötuns	41.7 fagrrauðr hani
42.7 sótrauðr hani	44.6 hórdómr mikill	51.5 grjótbjörg gnata
53.3 Viðarr vega	54.6 Miðgarðs véurr	63.7 Niðhoggr nái

Hér er greinilegt mynstur – fyrra orðið er alltaf samsett orð. Það er gjarna rótsamsett en í sumum tilfellum mætti tala um viðskeyti. Gera má ráð fyrir að seinni liður orðsins beri aukaáherslu. Hér sést að þessi

aukáhersla gegnir veigamiklu bragfræðilegu hlutverki, ólíkt því sem er með orðmyndirnar *hafgang* og *Kolskegg* í kvæði Jónasar.

Einnig eru til vísuorð þar sem fyrra orðið er samsett en seinna orðið hefur eigi að síður þungt fyrra atkvæði. Hér má telja eftirfarandi dæmi:

2.7 mjötvið mæran	20.12 ørlög seggja	23.6 afráð gjalda
28.3 *yggjungur ása	31.4 ørlög fólgin	32.3 harmflaug hættlig
34.3 lægjarn líki	44.7 skeggöld skálmöld	44.9 vindöld vargöld
48.8 Naglfar losnar	50.7 veggbergs visir	54.8 heimstoð ryða
61.2 hlautvið kjósa	61.5 vindheim víðan	

Þessi vísuorð hafa frændsemi við þau sem í dróttkvæðum hætti eru kölluð skjálfhend (Þorgeir Sigurðsson 2014). Trúlegt er að þau geti verkað þyngri eða áherslumeiri en dæmigerð vísuorð. Til marks um það er að þegar vísuorð af þessu tagi eru í frumvísuorðum stuðla gjarnan bæði orðin.

Enn er eftir að gefa upp nokkur vísuorð sem urðu útundan í fyrstu töflunni en eiga trúlega best heima í flokki með þeim:

6.7 morgin hétu	9.6 dróttin skepja	24.1 fleygði Óðinn
26.2 *þrunginn móði	28.12 morgin hverjan	30.10 nōnnur Herjans
31.2 blóðgum tívur	31.3 Óðins barni	39.6 einna nōkkurr
45.7 mælir Óðinn		

Hér hefur annað orðið seinna atkvæði sem er ekki hrein beygingarending en má þó vænta að sé áherslulaust. En fara þarf með nokkurri gát því að dæmið 53.3 ‚Víðarr vega‘ virðist sýna að aukaáhersla geti leynst víða.

Þá komum við að vísuorði sem stendur stakt og hljóðar svo:

22.3 völu velspá

Þetta passar ekki í neitt mynstur sem enn hefur verið skoðað. Skýringin er að öllum líkindum sú að þegar kvæðið var ort hefur það hljómað öðruvísi, nefnilega svona:

22.3 völu *velspáa

Á þessu eldra málstigi, áður en *áa* féll saman í *á*, er vísuorðið eðlilegt eins og síðar er sýnt.

Að lokum eru hér þrjú vísuorð þar sem seinna orðið stuðlar án fyrra orðsins:

7.1 hittusk æsir	55.5 geisar eimi	58.1 finnask æsir
------------------	------------------	-------------------

Hefð er fyrir því að halda slíkum síðstuðluðum vísuorðum aðgreindum eins og nánar er rætt síðar.

4. Táknerfi og túlkun

Nú hafa verið greind 87 af 472 vísuorðum úr kvæðinu og þegar sést að með greiningu af þessu tagi er hægt að fá fram ýmsar niðurstöður. Ekki aðeins hreinar bragfræðilegar niðurstöður heldur einnig atriði sem geta skipt máli í túlkun nafna, sögulegri málfræði eða stílfræði kvæðisins. Til dæmis um þetta þrennt má nefna:

- » Bragfræðilega er miklu líklegra að sá sem nefndur er í vo. 53.3 heiti Viðarr en Viðarr.
- » Vísuorðið 22.3 ‚völu velsþá‘ er bragfræðilega einstakt í kvæðinu og athugandi að endurgera til fyrra málstigs ef með því fæst algeng gerð af hrynjandi.
- » Vísuorð eins og 44.9 ‚vindöld vargöld‘ virðast áhersluþyngri en önnur og gæti það farið saman við einhvers konar stílfræðileg hrif.

Niðurstöður af þessu tagi er hægt að fá án þess að gefa sér neina tiltekna kenningu um eðli fornryðislags. Hér er aðeins lagt upp með þá grunnhugmynd að líta á atkvæðaþyngd, orðaskil og áherslumynstur og þá sést strax að þessum atriðum er skipað á reglubundinn hátt í kvæðinu.

Til þess að gera grein fyrir þessum atriðum á skilvirkan hátt er þó mjög til þæginda að nota einhvers konar táknerfi og að gefa mismunandi gerðum vísuorða einhver nöfn. Hér eftir mun ég flokka vísuorð kvæðisins eftir kerfi Sievers eins og hann setti það fram í sínum höfundritum (1885, 1893) og eins og sporgöngumenn hans hafa unnið það áfram.

Mikilvægt framlag til Sievers-hefðarinnar er greining A. J. Bliss á BJÓLFSKVIDU sem fyrst kom út 1958. Síðan er oft talað um Sievers-Blisskerfið. Bliss leit svo á að hann hefði með rannsókn sinni staðfest öll höfuðatriðin í kerfi Sievers:

The result of this re-examination was a triumphant vindication of Sievers: every one of his major conclusions proved to be amply justified by the evidence. (Bliss 1967:v)

Í raun fólu athuganir Bliss þó í sér verulega endurskoðun á fimmgreina-kerfinu. Sérstaklega er mikilsvert að Bliss leit svo á að hvert vísuorð hefði ekki endilega tvö ris.

Talsverð gróska var í rannsóknum á fornenskri bragfræði á síðari hluta 20. aldar en minna var um að þau fræði væru yfirfærð á Eddukvæðin.¹ Þetta breyttist með afgerandi hætti 2014 með útkomu bókar Seiichi Suzuki, *The Meters of Old Norse Eddic Poetry*. Í þessu mikla verki – það er 1096 tölusettar síður – er Sievers-Bliss-kerfinu í nútímalegri mynd beitt á Eddukvæðin. Ærið er verk þetta þó tyrfið þeim sem ekki eru þegar vel lesnir í þessari grein. Um fornenska bragfræði eru hins vegar til aðgengileg inngangsrit og má sérstaklega mæla með bók Terasawa (2011).²

Suzuki notar í verki sínu eftirfarandi tákni (runnin frá Hutcheson 1995:7) til að lýsa einstökum vísuorðum og tek ég þau til handargagns:

- P = þungt áhersluatkvæði
- p = létt áhersluatkvæði
- S = þungt atkvæði með aukaáherslu
- s = létt atkvæði með aukaáherslu
- x = áherslulaust atkvæði
- # = orðaskil

Nú er það vitanlega ekki vandalaust að skera úr um hvaða atkvæði hafi áherslu og hver ekki. Styðjast má við eftirfarandi:

- » Aðeins atkvæði í upphafi orðs getur borið fulla áherslu (P eða p).
- » Nafnorð og lýsingarorð bera alltaf áherslu.
- » Aðrir („veikari“) orðflokkar bera stundum áherslu og stundum ekki.
- » Orð sem hefjast á ljóðstaf bera áherslu.
- » Aukaáhersla (S eða s) kemur fyrir inni í orðum, einkum í rótarsamsetningum.

1 Árið 1985 talar Joseph Harris um að áhugi á bragfræði Eddukvæða sé af skornum skammti (Harris 2005:87). Af yfirlitsgrein Russell Poole 20 árum seinna má sjá að lítið hafði þá breyst í þeim efnum (Poole 2005). Þó höfðu þá komið fram nýjar bækur um dróttkvæðan hátt eftir Kari Ellen Gade (1995) og Kristján Árnason (1991). Í sinni bók vikur Kristján nokkuð að Edduháttum og er þar hallur undir kenningar sem Hoover (1985) hafði sett fram um fornenskan brag. Í bók sinni 2013 og fræðigrein 2016 greinir Kristján fornryðislag á nýjan leik og stendur þar utan Sievers-hefðarinnar.

2 Í þessari grein lýsi ég kerfi Sievers á hátt sem kalla má yfirborðskenndan – því er lýst hvernig hlutirnir eru en lítið tekst á við það hvers vegna svo sé. Um það hefur þó margt verið ritað og rétt er að geta þess að Suzuki (2014:13–15) lítur svo á að kerfið grundvallast á frumgerðum og mismiklum frávikum frá þeim. Eftir því sem frávikin eru meiri því fágætari verða gerðirnar.

Ýmis vafaatriði eru hér skilin eftir. Eitt er að svo virðist sem viðskeyti geti stundum borið aukaáherslu en erfitt er að gefa um það skýrar reglur. Annað er að í ýmsum tilfellum getur verið álitamál hvenær veikir orð-flokkar bera áherslu.

Við getum stuðst við þetta táknerfi við yfirferð á greiningu Sievers.

5. A-grein Sievers og A₁-afbrigði hennar

Grunnhugmyndin í kerfi Sievers er að hvert vísuorð í fornyrðislagi hafi **fjórar bragstöður** – tvö ris og tvö hnig. Hver bragstaða getur verið eitt atkvæði eða fleiri. Með þessum hugmyndum nálgumst við það að hafa einhvers konar kenningu frekar en aðeins kerfi. Eins og síðar verður vikið að hafa þó sporgöngumenn Sievers að verulegu leyti kastað kenningunni um fjórar bragstöður fyrir róða. Eigi að síður er hún hugmynd sem nauðsynlegt er að kynna.

Vísuorðum má skipta í **fimm áherslumynstur** (ABCDE) sem aftur má svo skipta í nokkrar undirgerðir. Fyrsta áherslumynstrið er með þessu móti:

A: ris – hnig – ris – hnig

A-greinin skiptist í nokkrar undirgreinar og er fyrst að telja A₁. Í þeirri undirgrein stuðlar fyrra risið og engar aukaáherslur eru til að flækja málið. Við höfum þegar séð ýmis dæmi um vísuorð af A₁-gerð svo sem þessi tvö:

62.6 dróttir byggja	Px#Px	A ₁
28.12 morgin hverjan	Px#Px	A ₁

Önnur algeng útfærsla á þessu áherslumynstri er að fyrra risið og fyrra hnigið séu sitt orðið hvort – sem sagt P#x#Px. Um þetta eru eftirfarandi dæmi:

1.6 vel fyr telja	2.1 ek man jötna	2.2 ár um borna
3.1 ár var alda	3.5 jörð fannsk æva	4.5 sól skein sunnan
5.1 sól varp sunnan	6.5 nótt ok niðjum	6.6 nofn um gáfu
8.4 vant ór gulli	10.2 mæztr um orðinn	10.6 mörq um gørðu
17.7 Ask ok Emblu	18.3 lá né læti	18.5 qnd gaf Óðinn
18.6 óð gaf Hoenir	18.7 lá gaf Lóðurr	21.2 fyrst í heimi
22.5 seið hon kunni	22.6 seið hon leikinn	24.4 fyrst í heimi
26.6 orð ok særi	27.2 hljóð um fólgit	30.2 vítt um komnar
30.5 Skuld helt skildi	31.5 stóð um vaxinn	32.4 Hqðr nam skjóta

35.1 á fellr austan	36.1 stóð fyr norðan	36.3 salr ór gulli
37.6 inn um ljóra	41.5 gól um *hánnum	42.1 gól um ásum
43.3 festr mun slitna	47.3 festr mun slitna	48.1 Hrymr ekr austan
48.5 ormr knýr unnir	49.1 kjóll ferr austan	51.1 Surtr ferr sunnan
51.3 skínn af sverði	52.6 bjartr at Surti	53.6 mund um standa
53.7 hjör til hjarta	54.11 neppr frá naðri	55.1 sól tér sortna
56.3 festr mun slitna	57.3 jörð ór ægi	

Hér er það enn svo að fyrsta atkvæðið verður að vera þungt og getur þá skipt máli hvort áherslulausa orðið hefst á sérhljóði eða samhljóði. Til dæmis eru 53.7 ‚hjör til hjarta‘ og 31.5 ‚stóð um vaxinn‘ eðlileg vísuorð en í kvæðinu eru engin vísuorð eins og ‚hjör af hjarta‘ eða ‚sat um vaxinn‘.³

Eitt A1-afbrigði enn mynda vísuorð sem samanstanda af einu samsettu orði af gerðinni PxSx. Þau eru eftirfarandi:

19.8 Urðarbrunni	28.10 Mímisbrunni	38.6 eyrarúnu
42.2 Gullinkambi	45.4 Gjallarhorni	57.4 iðjagroena

Hingað til hefur aðeins verið fjallað um vísuorð sem eru fjögur atkvæði en mörg vísuorð í kvæðinu eru þó fimm atkvæði eða fleiri. Í kerfi Sievers er þá í flestum tilfellum gert ráð fyrir að tvö atkvæði þeki eina bragstöðu. Sér í lagi er það almenn regla að **fyrri hnigið getur verið fjölkvætt**. Ýmis dæmi um A1-vísuorð þar sem þetta gerist eru eftirfarandi. Algengast er þá mynstrið Px#x#Px:

1.3 meiri ok minni	6.9 undorn ok aptan	6.10 árum at telja
8.1 tefldu í túni	10.7 dvergar ór jörðu	17.3 oflgir ok ástkir
17.4 æsir at húsi	17.5 fundu á landi	20.7 skáru á skiði
22.4 vitti hon ganda	30.3 görvar at ríða	30.11 görvar at ríða
35.3 soxum ok sverðum	44.8 skildir ro klofnir	55.3 hverfa af himni

Einnig kemur fyrir Px#xx#Px og mynda þá þrjú atkvæði eitt bragfræðilegt hnig:

5.7 stjörnur þat né vissu	5.9 máni þat né vissi	50.4 æsir ro á þingi
---------------------------	-----------------------	----------------------

Sama má segja um Px#xx#Px:

5.3 hendi inni hægri	22.1 Heiði hána hétu
----------------------	----------------------

3 Gegn þessari alhæfingu má finna einstakar undantekningar í öðrum kvæðum (Sievers 1893:58) en þetta er þó greinilega meginreglan (Kristján Árnason 1980:133; Myrvoll 2014:46–51). Í bók Suzukis eru öll einkvæð orð talin hafa þungt atkvæði en það stýðst ekki við sterk rök.

Nú verður að kynna til sögunnar **klofin ris** en þau koma til þegar eitt ris samanstendur af léttu áhersluatkvæði að viðbættu áherslulausu atkvæði – í stað P kemur sem sagt px. Hér eru tvö tilfelli:

2.5 níu man ek heima	px#x#x#Px
4.2 bjóðum um yppðu	px#x#Px

Nú á aðeins eftir að gera grein fyrir einu A1-vísuorði en það er svona:

30.9 nú eru talðar	p#xx#Px
--------------------	---------

Hér væri vænlegt að breyta *eru* í *ro* og væri það mjög lítil leiðrétting enda er oft ritað svo í Konungsbók. Um þessa vísu eru önnur handrit ekki til samanburðar. Í rímnakveðskap geta ris klofnað milli orða (Haukur Þorgeirsson 2014:113–114) en vafasamt er að þetta komi fyrir í Eddukvæðum.

6. A2l-afbrigðin

Undirgerðin A2l (*l* stendur fyrir *lang*) felur í sér að aukaháerslur séu með í spilinu og skiptist hún í þrjár undirundirgerðir. Ég fjalla hér fyrst um A2a-gerðina, þar má finna aukaáherslu í fyrra hniginu. Algengast er þá mynstrið PS#Px:

2.7 mjötvið mæran	20.12 ørlög seggja	23.6 afráð gjalda
31.4 ørlög fölgín	34.3 lægjarn líki	48.8 Naglfar losnar
50.7 veggbergs vísir	54.8 heimstøð ryðja	61.2 hlautvið kjósa
61.5 vindheim víðan	28.3 *yggjungr ása	

Hér er eðlilegt að spyrja hvers vegna ástæða sé til að gera greinarmun á þessum vísuorðum og venjulegum A1-vísuorðum eins og 19.4 ‚hvíta auri‘. Skiptir aukaáherslan einhverju máli? Því er til að svara að skáldin hafa greinilega heyrt mun á þessu tvennu og sést það meðal annars á því að ekki var hægt að bæta inn áherslulausum atkvæðum í A2-vísuorðin eins og tíðkaðist með A1-vísuorðin. Mynstrið Px#x#Px (17.4 ‚æsir at húsi‘) er algengt en mynstrið PS#x#Px (*afráð at gjalda) kemur ekki fyrir í kvæðinu.⁴

⁴ Fulk (2016:269) nefnir vísuorðin ‚Brynhildir í búri‘ úr ODDRÚNARKVEIÐU og ‚Svanhildir um heitin‘ úr HAMDISMÁLUM en þarna er eðlilegast að skilja fyrra atkvæðið í nöfnunum svo að létt sé (*Svanildir, Brynildir*), sbr. Sievers 1879:315. Sjá þó Suzuki 2014:29.

Til A2a má ennfremur telja eftirfarandi þrjú vísuorð með mynstrinu P#P#Px:

19.3 hár baðmr ausinn 25.8 Óðs mey gefna 30.7 Gunnr, Hildir, Gøndul

Undirgerðin A2b felur í sér að seinna hnigið hafi aukaáherslu. Í VÖLUSPÁ eru eftirfarandi dæmi, öll tvístuðluð og þessleg að hafa stílfræðilegt vægi:

1.5 vildu at ek Valföðr	Px#x#PS
24.5 brotinn var *borðveggr	px#x#PS (fýrra risið klofið)
40.5 svart var þá sólskin	P#x#x#PS
45.5 hátt blæss Heimdallr	P#x#PS
20.3 þrjár ór þeim sæ	P#x#P#P
31.7 mjór ok mjök fagr	P#x#P#P
47.1 geyr nú Garmr mjök	P#x#P#P
56.1 geyr nú Garmr mjök	P#x#P#P

Að lokum eru tvö eða þrjú dæmi um gerð A2ab en í henni eru bæði hnigin þung:

32.3 harmflaug hættlig	PS#PS
44.7 skeggöld skálmöld	PS#PS
44.9 vindöld vargöld	PS#PS

Ég geri hér fyrirvara um vísuorð 32.3 enda er ekki víst að *hættlig* beri aukaáherslu og er þá vísuorðið af gerð A2a.

7. A2k-afbrigðið

Merkilegt afbrigði er A2k (*k* stendur fyrir *kurz*) en þar er svo að sjá að seinna risið myndist af léttu áhersluatkvæði. Í VÖLUSPÁ eru eftirfarandi dæmi:

PS#px:	32.8 einnættir vega	36.7 bjórsalr jötuns	41.7 fagrrauðr hani
	42.7 sótrauðr hani	44.6 hórdómr mikill	51.5 grjótbjörg gnata
	53.3 Víðarr vega	54.6 Miðgarðs véurr	63.7 Niðhoggr náí
P#P#px:	1.7 forn spjöll fira	57.6 flýgr qrn yfir	63.3 naðr fránn neðan
	63.6 flýgr vøll yfir		

Sama er að segja um A2k og A2a að ekki er hægt að bæta við áherslu-lausum atkvæðum. Vísuorð eins og *,sótrauðr var hani' koma ekki fyrir í VÖLUSPÁ.

8. A3-afbrigðið

Í greiningu Sievers eru A3-vísuorð eins og A1-vísuorð nema hvað stuðullinn er hér á seinna risinu. Það sem athygli vekur við A3-gerðina er að fyrra risið getur verið mjög vandfundið. Lítum á tvö dæmi:

6.4 ok um þat gættusk
28.9 í inum mæra

Það er ekki vænlegt að telja forsetningar eða samtengingar bera áherslu. Í seinni alda kveðskap íslenskum kemur það að vísu fyrir en að fornu tíðkaðist það ekki. Af dæmum sem þessum hafa bragfræðingar ályktað að í vísuorðum af A3-gerð sé ekki gerð krafa um áhersluatkvæði í upphafi (Bliss 1967, Suzuki 2014:56). Má þá kalla að fyrra risið komi ekki fram. Eftir þessari greiningu má setja fram A3-vísuorð VÖLUSPÁR á eftirfarandi hátt, fyrst þau sem enda á Px:

x#x#Px:	6.4 ok um þat gættusk 25.4 ok um þat gættusk 50.1 hvat er með ásum 54.1 þá kœmr inn mæri 63.1 þar kœmr inn dimmi	9.4 ok um þat gættusk 32.1 varð af þeim meiði 50.2 hvat er með álfum 54.5 drepr hann af móði 63.5 berr sér í fjöðrum	23.4 ok um þat gættusk 39.5 verðr af þeim ǫllum 53.1 þá kœmr inn mikli 57.7 sá er á fjalli
x#xx#Px:	9.5 hvern skyldi dverga 45.3 at *inu galla	23.5 hvárt skyldu æsir 59.1 þar munu eptir	28.9 í inum mæra 62.5 þar skulu dyggvar
xx#Px:	31.1 ek sá Baldri 52.1 þá kœmr Hlínar	42.3 sá vegr hǫlða 52.7 þá mun Friggjar	49.7 þeim er bróðir 61.1 þá kná Hœnir
xx#Px:	7.1 hittusk æsir	55.5 geisar eimi	58.1 finnask æsir
xx#xx#Px:	19.5 þaðan koma döggar	20.1 þaðan koma meyjar	
xx#x#Px:	34.6 þeygi um sínum		

Stundum enda vísuorðin á samsettu tvíkvæðu orði (PS):

x#x#PS:	4.3 þeir er Miðgarð	38.7 þar *saug Níðhoggr
x#x#x#PS:	21.1 þat man hon fólkvíg	24.3 þat var enn fólkvíg
xx#xx#PS:	29.1 valði henni Herfjörð	49.2 koma munu Múspells

Á sama hátt mætti flokka eitt vísuorð sem endar á tveimur einkvæðum orðum:

$xx\#xx\#P\#P$: 25.5 hverir hefði lopt allt

Á þennan hátt er þó illa hægt að meðhöndla eftirfarandi tilfelli:

$x\#x\#P\#P$: 21.5 ok í holl Hárs

Hér stuðla bæði orðin og verða þá bæði að vera í risi – þetta getur þá ekki verið vísuorð af A₃-gerð og er einstakt í kvæðinu. Hér má hins vegar fá eðlilegt vísuorð (af C-gerð) með því að endurgera til eldra málstigs – Hárs verður þá *Háars.

9. B-greinin

Hrynjandin í B-gerðinni er öflug við þá í A-gerðinni: hnig-ris-hnig-ris. Algengast er að í miðju vísuorðinu sé tvíkvætt orð. Á undan getur komið eitt áherslulaust orð, $x\#Px\#P$:

6.8 ok miðjan dag	26.3 hann sjaldan sitr	28.5 hvers fregnið mik
28.6 hví freistið mín	36.5 en annarr stóð	39.3 ok fæddi þar
42.5 en annarr gelr	43.7 um ragna røk	44.11 mun engi maðr
47.7 um ragna røk	52.3 er Óðinn ferr	54.3 gengr Óðins sonr
56.7 um ragna røk	58.5 *[ok minnask þar]	

eða tvö áherslulaus orð, $x\#x\#Px\#P$:

2.3 þá er forðum mik	20.4 er und þolli stendr	22.2 hvars til húsa kom
28.4 ok í augu leit	28.8 hvar þú auga falt	32.7 sá nam Óðins sonr
37.7 sá er undinn salr	38.5 ok þanns annars glepr	

eða þrjú, $x\#x\#x\#Px\#P$:

28.2 þá er inn aldni kom

Einnig kemur það fyrir að eitt orð feli í sér bæði risin:

42.4 * at Herjafóðrs ⁵	$x\#PxS$
48.3 snýsk Jormungandr	$x\#PxS$
58.7 ok á Fimbultýs	$x\#x\#PxS$

5 Í kafla 16 er umfjöllun um handritatexta þessa vísuorðs.

Loks getur hvort ris um sig verið einkvætt orð:

1.8 þau er fremst um man	x#x#P#x#P
3.3 vara sandr né sær	xx#P#x#P
7.3 þeir er horg ok hof	x#x#P#x#P
24.2 ok í fólk um skaut	x#x#P#x#P
26.4 er hann slíkt um fregn	x#x#P#x#P
33.3 áðr á bál um bar	x#x#P#x#P
33.5 en Frigg um grét	x#P#x#P
60.5 búa þeir Høðr ok Baldr	xx#x#P#x#P

Nauðsynlegt er að risin séu þung atkvæði. Í lok vísuorðs teljast öll atkvæði þung en gæta þarf að fyrri risinu. Vísuorð eins og *,ok í val um skaut' (x#x#p#x#P) eða *,ok á boga leit' (x#x#px#P) koma ekki fyrir. Hvorugt risið getur klofnað. Vísuorð eins og *,ok á boga um leit' koma ekki fyrir.

Eitt vísuorð enn má telja til B-gerðar:

29.5 sá hon vítt ok um vítt	x#x#P#x#x#P
-----------------------------	-------------

Það er óvenjulegt að seinna hnigið sé tvíkvætt en það kemur þó stöku sinnum fyrir bæði í norrænum og vesturgermönskum brag. Þetta er því ekki endilega tortryggilegt vísuorð.

10. C-gerð

Í C-gerð er áherslumynstrið hnig-ris-ris-hnig. Algengt er að útfæra þetta með þríkvæðu orði sem felur í sér bæði risin, til dæmis **x#PSx**:

6.2 á røkstóla	9.2 á røkstóla	10.5 þeir mannlíkun
21.3 er Gullveigu	23.2 á røkstóla	25.2 á røkstóla
30.4 til goðþjóðar	36.6 á Ókólni	38.4 ok *morðvarga
53.4 at valdýri		

Hér er seinna risið í þungu atkvæði en reyndar má það allt eins vera létt, **x#Psx**:

3.6 né upphiminn	30.8 ok Geirskogul	33.6 í Fensolum
35.2 um eitrdala	39.2 í Jarnviði	41.6 í Gaglviði
46.3 skelfr Yggdrasils	50.6 fyr steindurum	55.6 við aldrnara

Sievers kallaði afbrigðið með þungu atkvæði C1 og afbrigðið með léttu atkvæði C3 en sporgöngumenn hans hafa ekki hirt mikið um þann greinarmun.

Fyrri og seinna risið geta verið hvort í sínu orðinu, **x#P#Px**:

7.8 ok tól gørðu	8.5 unz þrjár kvómu	17.1 unz *þrír kvómu
20.9 þær lög lögðu	28.11 drekkur mjöð Mímir	29.4 ok spá ganda
32.2 er *mær sýndisk	41.2 ok sló hørpu	49.3 um lög lýðir

Einnig hér má seinna risið allt eins vera í léttu atkvæði, **x#P#px**:

34.5 þar sitr Sigyn	2.8 fyr mold neðan	3.8 en gras hvergi
4.1 áðr Burs synir	17.2 ór því liði	20.10 þær líf kuru
38.9 sleit vargr vera	39.8 í trolls hami	42.6 fyr jörð neðan
45.8 við Míms höfuð	51.6 en gífr rata	52.4 við úlf vega
54.4 við úlf vega	54.9 gengr fet níu	55.7 leikr hár hiti

Loks er það svo að eins og í vísuorðum af gerðunum A₁, A₃ og B má fyrri hnigið vera fjölkvætt:

4.7 þá var grund gróin	x#x#P#px
8.3 var þeim vettergis	x#x#PSx
9.8 ok ór blám leggjum	x#x#P#Px
10.1 þar *var Mótsognir	x#x#PSx
19.2 heitir Yggdrasil	xx#Psx
21.10 þó hon enn lifir	x#x#P#px
25.7 eða ætt jötuns	xx#P#px
27.1 veit hon Heimdalar	x#x#Psx
27.3 undir heiðvönum	xx#Psx
30.1 sá hon valkyrjur	x#x#PSx
37.5 fellu eitrdropar	xx#Psx
38.1 sá hon þar vaða	x#x#P#px
44.3 munu systrungar	xx#PSx
45.1 leika Míms synir	xx#P#px
53.8 þá er hefnt fǫður	x#x#P#px
57.1 sér hon upp koma	x#x#P#px
58.3 ok um Moldþinur	x#x#Psx
59.5 þærs í árdaga	x#x#Psx
60.1 munu ósánir	xx#PSx
62.7 ok um aldrdaga	x#x#Psx

Í VÖLUSPÁ eru engin vísuorð þar sem fyrri risið er létt atkvæði – slíkt kemur þó einstaka sinnum fyrir í öðrum kvæðum og hefur það valdið fræðimönnum heilabrotum (Fidjestøl 1999:312–317).

II. C₂-gerð

Ef fyrra risið í C-gerðinni klofnar fáum við undirgerð sem Sievers kallaði C₂. Þetta kann að þykja óþarft örlæti því að klofin ris í öðrum gerðum eru ekki skilgreind sem sérstakar undirgerðir. En C₂ reynist ákaflega algeng undirgerð og hefur sín eigin sérkenni.

Algengasta mynstrið er **x#px#Px**:

3.4 né svalar unnir	4.6 á salar steina	9.7 ór Brimis blóði
10.4 en Durinn annarr	10.8 sem Durinn sagði	18.4 né litu góða
18.8 ok litu góða	30.6 en Skögul önnur	32.6 of borinn snemma
33.2 né höfuð kembði	40.6 of sumur eptir	42.8 at solum Heljar
43.4 en freki renna	45.2 en mjötuðr kyndisk	46.2 en jötunn losnar
47.4 en freki renna	48.6 en ari hlakkar	49.4 en Loki stýrir
49.6 með freka allir	51.2 með sviga lævi	51.8 en himinn klofnar
52.5 en bani Belja	55.8 við himin sjálfan	56.4 en freki renna
59.4 í grasi finnask	61.3 ok burir byggja	

Annað vinsælt mynstur er **x#pxSx**:

7.2 á Iðavelli	8.8 ór jötunheimum	36.2 á Niðavöllum
43.2 fyr Gniphelli	47.2 fyr Gniphelli	48.4 í jötunmóði
56.2 fyr Gniphelli	58.2 á Iðavelli	58.6 *[á megindóma]
63.4 frá Niðafjöllum		

Sem fyrr er velkomið að hafa fyrra hnigið fjölkvætt, t.d. **x#x#px#Px**:

3.2 þar er Ymir byggði	5.6 hvar hon sali átti	5.8 hvar þær staði áttu
5.10 hvat hann megins átti	19.6 þærs í dala falla	26.8 er á meðal fóru
36.8 en sá Brimir heitir	41.8 sá er Fjalarr heitir	44.2 ok at þönum verðask

Að sama skapi **xx#px#Px**:

34.2 undir hvera lundi	54.7 munu halir allir
------------------------	-----------------------

Loks koma stundum fyrir aukaáherslur, einkum í seinna hniginu:

5.4 um himinjódyr	x#pxSS
24.7 knáttu vanir vígspá	xx#px#PS
27.7 af veði Valföðrs	x#px#PS
28.13 af veði Valföðrs	x#px#PS
29.6 of veröld hverja	x#pS#Px
44.10 áðr veröld steypisk	x#pS#Px
48.7 slítr náí neffölr	x#px#PS
51.7 troða halir helveg	xx#px#PS
53.5 lætr hann megi Hveðrungs	x#x#px#PS

Í vísuorðum af C-gerð eru fjölmörg dæmi um að seinna risið sé í léttu atkvæði en þetta kemur nánast aldrei fyrir í C₂-gerð. Í textanum sem hér er tekinn til greiningar er ekkert dæmi en þó má nefna að eitt dæmi finnst í dvergatalinu, 14.2 'í Dvalins liði' (x#px#px).

12. D-gerð

Í D-gerð er áherslumynstrið ris-ris-hnig-hnig. Algengt er að útfæra þetta sem P#PSx:

21.9 opt ósjaldan	30.12 grund valkyrjur	33.7 vá Valhallar
43.8 röm sigtíva	47.8 röm sigtíva	51.4 sól valtíva
54.12 níðs ókviðnum	56.8 röm sigtíva	60.6 Hropts sigtóptir
60.7 vel valtívar		

Þriðja atkvæðið má þó allt eins vera létt, P#Pxx:

53.2 mögr Sigföður	38.3 menn meinsvara	33.4 Baldrs andskota
--------------------	---------------------	----------------------

Sievers kallaði afbrigðið með þungu atkvæði D₁ en það með léttu atkvæði D₂. Seinni fræðimenn hafa ekki endilega haldið í þann greinarmun.

Þriðja atkvæðið getur verið áherslurýrt:

7.6 auð smíðuðu	P#Pxx
39.7 tungls tjúgari	P#Pxx
46.4 askr standandi	P#Pxx

Allt vísuorðið getur verið eitt orð:

7.4 hátimbruðu	PSxx
17.8 ørlöglausa	PSSx
59.2 undrsamligar	PSsx

Vísuorðið getur hafist á tveimur einkvæðum orðum með mynstrinu P#P#Px. Þetta mynstur er reyndar kunnuglegt því að það kom áður fyrir þegar fjallað var um A_{2a}-gerðina. Hér er það aðeins stuðlasetning sem greinir á milli:

30.7 Gunnr, Hildir, Gøndul	P#P#Px	A _{2a}
34.7 ver vel glýjuð	P#P#Px	D

Þar sem stuðlasetning tekur ekki af skarið er ekki annað að gera en gera ráð fyrir báðum möguleikum:

19.3 hár baðmr ausinn	P#P#Px	A _{2a} /D
25.8 Óðs mey gefna	P#P#Px	A _{2a} /D

Lesandi gæti núna spurt hvort alltaf sé greinarmunur á A2k-vísuorðum og D-vísuorðum. Lítum á samanburðardæmi:

7.4 hátimbruðu	PSxx	D
32.8 einnættir vega	PS#px	A2k

Samkvæmt Sievers er seinna risið í fyrra dæminu að finna í öðru atkvæði en í seinna dæminu í þriðja atkvæði. Mætti ekki allt eins greina þetta á sama hátt og geta þess til að seinna risið sé í báðum tilfellum á öðru risi og flokka þetta allt undir D-gerðina? Því er til að svara að stundum er stuðull á þriðja atkvæði í A2k-vísuorðum:

51.5 grjótbjörg gnata	A2k
53.3 Víðarr vega	A2k
63.7 Niðhoggr nái	A2k

Lítt vænlegt er að telja ljóðstaf vera í hnigi og virðist því nauðsynlegt að gera ráð fyrir A2k sem sérstakri gerð.

Í D-gerð gerist það alloft að fyrri risið kloffni:

1.4 mögu Heimdalar	px#Psx
2.6 níu íviðjur	px#PSx
34.4 Loka áþekkjan	px#PSx ⁶
38.8 nái framgengna	px#PSx
48.2 hefisk lind fyrir	px#P#px
49.5 fara fífls megir	px#P#px
63.2 dreki fljúgandi	px#Pxx

Þá er að nefna sérviskulega undirgerð sem Sievers nefndi D₃ – hér er seinna risið í léttu atkvæði og verður þá þriðja bragstaðan að hafa þungt atkvæði:

17.6 lítt megandi	P#pXx	D3
20.2 margs vitandi	P#pXx	D3
54.2 mögr Hlqðynjar	P#pSx	D3

Ég tákna hér þungt áherslurýrt atkvæði með stóru X-i.

Loks eru tvö skýr dæmi um undirgerðina D₄ en þar er full áhersla á öðru atkvæði og einnig einhver áhersla á fjórða atkvæði:

32.5 Baldrs bróðir var	P#Px#P
40.3 rýðr ragna sjot	P#Px#P

Aftur er komið að D₄-gerð í næsta kafla.

⁶ Suzuki (2014:837) greinir þetta px#xPx eins og seinna orðið hefjist á áherslulausu forskyeiti. Ég sé ekki góð rök fyrir þessu.

13. E-gerð

Áherslumynstur E-gerðarinnar er ris-hnig-hnig-ris. Þetta er sjaldgæfasta gerðin og í sinni órækustu mynd hefur hún mynstrið **PSx#P**. Í VÖLUSPÁ eru eftirfarandi dæmi:

6.3 ginnheilög goð	8.7 ámáttkar mjök	9.3 ginnheilög goð
23.3 ginnheilög goð	25.3 ginnheilög goð	37.3 Náströndu á
54.10 Fjörgynjar burr		

Hér er það skyldubundið að önnur bragstaðan sé þungt atkvæði – mynstrið **Psx#P** kemur ekki fyrir í kvæðinu. Þetta er einn einkennilegustu eiginleika norræns fornyrðislags. Um orð af gerðinni **PSx** gildir að þau má hvort heldur sem er nota í vísuorðum af C-gerð og af E-gerð. En orð af gerðinni **Psx** er aðeins hægt að nota í C-gerð. Þannig er í VÖLUSPÁ vísuorðið 30.4 ‚til goðþjóðar‘ og í GUDRÚNARHVÖT 16.4 ‚Goðþjóðar til‘, hvort tveggja eðlilegt því að *goðþjóðar* hefur mynstrið **PSx**. En orðmyndir eins og *Gaglviði* geta aðeins staðið í C-vísuorðum. Vísuorðið 41.6 ‚í Gaglviði‘ er eðlilegt en tilbúningurinn *,*Gaglviði* í væri það ekki. Kristján Árnason (2016:98–110) hefur fjallað ítarlega um þennan vanda og leitað lausna á honum.

Áfram heldur greiningin og eitt dæmi finnst um mynstrið **PS#x#P**:

49.8 Býleifts í fõr

Að lokum eru nokkur dæmi um vísuorð sem hægt er að fella hvort heldur sem er undir E-gerð eða D₄-gerð:

26.1 Þórr einn þar var	P#P#x#P	E/D ₄ ⁷
35.4 Slíðr heitir sú	P#P _x #P	E/D ₄ ⁸
37.4 norðr horfa dyrr	P#P _x #P	E/D ₄
52.2 harmr annarr fram	P#P _x #P	E/D ₄
55.2 sígr fold í mar	P#P#x#P	E/D ₄

Suzuki (2014:837) greinir 35.4 og 37.4 sem **P#xx#P** og telur þessi vísuorð aðeins hafa þrjár bragstöður. Þetta virðist ósennilegt, meðal annars af samanburði við hirðkvæði (Haukur Þorgeirsson 2014:133).

7 Suzuki greinir þetta vísuorð sem A_{2a} (P#P#P#x) en slík greining brýtur gegn lög-
málum Kuhns (1933).

8 Segja má að vísuorðið sé ofstuðlað ef það er talið af E-gerð. Mundi það mæla með
D-greiningu.

14. Vísuorð sem ekki mynda fjórar bragstöður

Meginreglan í fornyrðislagi er að vísuorð samanstandi af fjórum bragstöðum en í allmörgum kvæðum koma fyrir vísuorð sem eru fimm bragstöður. Þetta er einnig vel þekkt úr vesturgermönskum brag og einkum er það D*-gerðin sem skýtur hér og hvar upp kollinum. Í henni er áherslunynstrið ris-hnig-ris-hnig-hnig. Í textanum eru eftirfarandi dæmi:

3.7 gap var ginnunga	P#x#PSx	D*
20.6 aðra Verðandi	Px#Pxx	D*
46.1 ymr it aldna tré	P#x#Px#P	D*
52.8 falla angantýr	Px#PxS	D*

Það er hins vegar norrænt sérkenni að hafa vísuorð sem eru þrjár bragstöður. Í textanum koma fyrir fjögur vísuorð sem aðeins eru þrjú atkvæði:

31.8 mistilteinn	PxS
41.4 glaðr Eggþér	P#PS
43.1 geyr Garmr mjök	P#P#P
62.4 á Gimlé	x#PS

Eitt vísuorðið má endurreisa til fyrra málstigs, á *Gimléi, og verður þá til eðlilegt C-vísuorð. En engar slíkar kúnstir stoða við hin. Hefðin í greiningu á vísuorðum af þessu tagi er að líta svo á að þau séu leidd af fjögurra bragstaðna vísuorðum af gerð A eða D þannig að lokahnigið sé fellt burt. Með þessum hætti má greina vísuorðin að ofan, og tvö til viðbótar, á eftirfarandi hátt:

29.2 hringa ok men	Px#x#P	A1-
31.8 mistilteinn	PxS	A1-
33.1 þó hann æva hendr	x#x#xx#P	A3-
41.4 glaðr Eggþér	P#PS	D-
43.1 geyr Garmr mjök	P#P#P	D-

15. Óvenjuleg vísuorð

Eins og fram hefur komið er það algengt í fornyrðislagi að fyrra risið klofni. Hins vegar er það algjör undantekning að seinna risið sé klofið. Þó virðist þetta gerast nokkrum sinnum í VÖLUSPÁ:

6.1 þá gengu regin ǫll	x#xx#px#P	A3
9.1 þá gengu regin ǫll	x#xx#px#P	A3

23.1 þá gengu regin ǫll	x#xx#px#P	A3
2.7 eða skyldu goðin ǫll	xx#xx#px#P	A3
25.1 þá gengu regin ǫll	x#xx#px#P	A3 ⁹
26.7 mál ǫll meginlig	P#P#pxS	A2ab
50.3 gnýr allr jötunheimr	x#P#pxS	C

Svo er að sjá sem þetta klofna seinna ris sé notað í stílfræðilegum tilgangi. Það kemur fyrir í þungum og áhersluríkum vísuorðum og sér í lagi kemur það ítrekað fyrir í einu stefinu. Það virðist vera með ráðum gert að fyrstu vísuorð stefja kvæðisins eru bragfræðilega einkennileg. Það á við um 43.1 ‚geyr Garmr mjök‘ og enn frekar um hið margendurtekna ‚vituð ér enn eða hvat‘ sem ég treysti mér ekki til að fella undir neina vísuorðagerð.

Nú eru eftir fjögur vísuorð sem verða trauðla greind í því kerfi sem hér er lagt til grundvallar:

1.1 hljóðs bið ek	P#x#P
19.7 stendr æ yfir grœnn	x#p#px#P (?)
29.3 fé spjöll spaklig	P#P#PS
60.4 Baldr mun koma	P#x#px

Um vísuorðin 1.1 og 29.3 er það að segja að þar kemur óstuðlað nafnorð á undan stuðli. Það gerist ekki annars staðar í textanum og brýtur gegn grundvelli greiningarinnar. Í öðru tilfellinu er þó völ á öðrum leshætti því að Hauksbók hefur ‚hljóðs bið ek allar / helgar kindir‘ með eðlilegum A1-vísuorðum. Visan þar sem ‚fé spjöll spaklig‘ stendur er hins vegar hvergi varðveitt nema í Konungsbók. Menn hafa getið þess til, meðal annars af merkingarlegum ástæðum, að hér sé ritvilla í handritinu og að svona hafi visan aldrei verið flutt meðan hún lifði á vörum fólks. Upphaflegri texti gæti verið ‚fekk spjöll spaklig‘ og væri þá komið venjulegt C-vísuorð. Góð umfjöllun um vísu þessa er hjá Heide (2006:101, 194–196).

Vísuorðið 60.4 ‚Baldr mun koma‘ hefur einstæða hrynjandi en hér er aftur völ á öðrum leshætti því að Hauksbók hefur ‚man Baldr koma‘ sem er ósköp venjulegt vísuorð af C-gerð.

Vísuorðið ‚stendr æ yfir grœnn‘ er einnig varðveitt í Hauksbók og í Gylfaginningu en handritin bjóða ekki upp á neinn auðgreinanlegri texta. Ég treysti mér ekki til að greina þetta vísuorð en það er greinilega engin skrifaraafbökun.

⁹ Suzuki (2014:835) greinir í nokkrum tilfellum stýfða C-gerð (C-) þar sem ég greini A3.

16. *Kostir greiningar af þessu tagi*

Og til hvers var nú allt þetta brölt? Því verður varla haldið fram að þessi greining eða aðrar í sama anda séu sérstaklega falleg sjón. Það væri ólíkt skemmtilegra að hafa nokkrar skýrar reglur en þessa löngu upptalningu á gerðum og undirgerðum. Greiningin er mótsagnakennd og á ýmsan hátt ófullnægjandi. Lagt er upp með að tvö ris og tvö hñig séu í hverju vísuorði en svo er strax dregið í land og látið duga að greina eitt ris í vísuorðum af A₃-gerð auk þess sem sum vísuorð eru talin þrjár eða fimm bragstöður. Sagt er að þung atkvæði eigi að bera risin en svo koma ýmis tilfelli í ljós þar sem létt atkvæði gera það. Sum ris geta klofnað en önnur ekki án þess að ástæðurnar séu fyllilega ljósar. Margir dilkar eru markaðir til að draga vísuorðin í en ýmis þeirra virðast eiga jafnvel heima í tveimur dilkum. Enn verra er að sum vísuorðin eru í reiðuleysi og finna sér engan bás.

Í raun er þessi greining klúðursleg og óttalegur óskapnaður. Hvers vegna þá að binda trúss sitt við hana? Vegna þess að hún er öflug. Með henni er hægt að fá ýmsar gagnlegar niðurstöður sem engin einföld greining gefur. Það er ekki síst með því að athuga *óeðlileg* vísuorð sem athyglisverðar niðurstöður koma í ljós.

Í fyrsta lagi er forvitnilegt að í kvæðinu eru þrjú vísuorð sem eru bragfræðilega einstök eins og þau eru rituð í Konungsbók en verða alveg eðlileg ef þau eru endurgerð til eldra málstigs:

21.5 ok í holl Hárs / ok í holl *Háars

22.3 völu velspá / völu *velspáa

62.4 á Gimlé / á *Gimléi

Þetta sýnir með öðru að rætur kvæðisins ná aftur fyrir íslenska ritöld.

Önnur nytsemi greiningarinnar er stílfræðileg. Við sjáum til dæmis hvernig kvæðið leggur áherslu á gnyinn við ragnarök með ofurþunga vísuorðinu 50.3 ‚gnyr allr jötunheimr‘. Einnig sést að stefin einkennast af bragfræðilegum frávikum. Má telja að það sé með ráðum gert og efli það hlutverk þeirra að marka einhvers konar skil.

Þriðja nytsemi greiningarinnar er að vísa útgefendum á stutt og löng sérhljóð þar sem vafi kann um þau að leika. Það er til dæmis bragfræðinni að þakka að við vitum að *Víðarr* og *Lóðurr* hafa löng rótarsérhljóð og að eftirfarandi nöfn hafa stutt:

3.2 þar er *Ymir* byggði

10.4 en *Durinn* annarr

36.2 á *Niðavöllum*

36.8 en sá *Brimir* heitir
 43.2 fyrir *Gnipahelli*
 58.2 á *Íðavelli*

Áður en Sievers lýsti byggingu fornyrðislags höfðu útgefendur lítið haft við að styðjast í tilfellum sem þessum. Í Völuspárútgáfu Rasks 1818 er til dæmis ritað *Lobur*, *Brímir*, *Gnýpa*- og *Níða*-. Löngu seinna koma einnig fyrir útgefendur sem ekki hafa tekið bragfræðina í þjónustu sína. Þannig prentar Ólafur Ólafsson (1965:94) á *Íðavelli* og skýrir nafnið eftir því. Þar er komið vísuorð með hrynjandina x#PxSx en það er fordæmislaust í kvæðinu og hlýtur að teljast ólíklegt. Sams konar rök sýna okkur að leshátturinn 18.8 ‚ok litu góða‘ er eðlilegri en ef ritað væri ‚ok litu goða‘ (Samplonius 2003). Um fyrri hrynjandina eru fjölmörg dæmi í kvæðinu en um þá seinni ekkert skýrt dæmi.

Fjórða nytsemi greiningarinnar er að hún getur verkað sem hjálpar-tæki þegar mismunandi leshættir handritanna eru metnir. Áður hefur verið fjallað um tvö tilfelli þar sem Hauksbók hefur bragfræðilega eðlilegri texta en Konungsbók. Eitt dæmi enn er vísuorð 42.4 þar sem Hauksbók hefur ‚at Herjaföðrs‘ en Konungsbók ‚at hjarar at Herjaföðrs‘. Það seinna er bragfræðilega ótækt enda er þetta greinilega staglvilla hjá skrifara.

Í handritum Gylfaginningar¹⁰ koma fyrir ýmis afbrigði. Eftirfarandi leshættir eru bragfræðilega vafasamir og væru einsdæmi í kvæðinu (sbr. Hauk Þorgeirsson 2012:4–5):

Rs: af veiði Valföðrs
 T: sem Durmenn sagði
 T: en bjáni Belja
 T: hvat hann megnis átti
 TU: við Mímis höfuð
 U: tungls tregari
 U: traða halir helvega
 U: en guðar hrata
 U: mun enn maðr¹¹

Nú er það ekki svo að bragfræðilega vafasamur lesháttur geti aldrei verið upphaflegur – bragfræðin er ekki þess megnug að skera á milli hins óvenjulega og hins afbakaða með fullri vissu. En bragfræðileg rök hljóta að vera eitt af því sem taka skyldi tillit til þegar leshættir eru metnir.

10 Rs = Konungsbók Snorra-Eddu; T = Trektarbók; U = Uppsalabók (Heimir Pálsson 2013).

11 Quinn (2000:84–88) gerir sér mat úr lesháttum Uppsalabókar.

Enn verður að nefna að í pappírshandritum VÖLUSPÁR koma fyrir vísuorð sem ekki finnast í varðveittum skinnbókum. Um uppruna þessa efnis verða fræðimenn að dæma. Eru vísuorðin ort inn í kvæðið á 17. öld eða eru þau runnin frá miðaldaheimildum sem síðar hafa glatast? Árni Magnússon virtist hallast að síðari möguleikanum í ritgerð sinni um Sæmund fróða (Gottskálk Jensson 2008:149; Árni Magnússon 1930:94). En bragfræðin styður þetta ekki.

Bugge (1867:lv) ténir til eftirfarandi átta vísuorð:

Heri, Högstari,
Hljóðólfr, Móinn

— — —

fólkvaldr goða
ok Fjölnis kind

— — —

semr hann dóma
ok sakar leggr
vésköp setr
þau er vera skulu

Vísuorðin ‚ok sakar leggr‘ (x#px#P), ‚vésköp setr‘ (PS#P)¹² og ‚þau er vera skulu‘ (x#x#px#px) væru hvert um sig bragfræðileg einsdæmi í kvæðinu og bendir það til ungs uppruna.

17. Bragfræði gegn leiðréttingartilraunum

Eins og kom fram í upphafi þessarar greinar hefur bragfræði Sievers stundum verið tengd við hrossalega meðferð á handritatextunum. Að verulegu leyti er þetta röng mynd en þó er svolitill fótur fyrir henni. Í útgáfu Sievers á völdum Eddukvæðum 1885 er gætt hófs í leiðréttingum á textanum en ýmis smáorð sem ekki eru bragfræðilega nauðsynleg eru sett innan sviga eða hornklofa. Gerði Sievers því skóna að þau gætu verið óupphafleg. Finnur Jónsson gekk skrefi lengra og slepti sumum þessara orða í sinni Eddukvæðaútgáfu 1905. Hér eru tvö dæmi:

¹² Þetta mynstur má kalla A2a- og um það má vissulega finna fáein dæmi í öðrum Eddukvæðum, sbr umfjöllun hjá Suzuki (2014:80–81). Suzuki telur 16 dæmi en greining hans er algjörlega samtímaleg. Ef gripið er til sögulegrar greiningar sést að 12 dæmanna má gera að eðlilegum A2a-vísuorðum með því að endurgera til fyrra málstigs.

- Sievers: Heiði [hána] hétu (1885:21)
 Finnur: Heiði hétu (1905:7)
 Sievers: ymr [it] aldna tré (1885:26)
 Finnur: ymr aldit tré (1905:14)

Ekki er hægt að mæla með þessum leiðréttingum. Í Eddukvæðum er greinilegt að fyrsta hnigið getur verið fjölkvætt og að gerðin D* kemur fyrir – hvort tveggja er eins og í vesturgermönskum brag. Það má kalla bernskubrek bragfræðinnar að reyna að slétta úr þessu.

Í einhverjum tilfellum er hægt að nota bragfræði Sievers til að styðja við leiðréttingartilraunir en hún nýtist í raun betur til að hafa hemil á slíkum tilraunum og hefur gert það frá því að hún var uppgötvuð.

Í bragfræðilegri greiningu sinni á VÖLUSPÁ sem Sievers birti 1885 notar hann tækifærið til að kanna endurgerð Guðbrands Vigfússonar á kvæðinu sem komið hafði út tveimur árum áður. Guðbrandur taldi að prósatexti Gylfaginningar og Ynglinga sögu væru heimildir um upphaflegustu gerð VÖLUSPÁR og með þetta að vopni mætti endurreisa kvæðið í upphaflegri mynd. Í ljós kemur þó að meðferð Guðbrands á kvæðinu (1883:621–630) stenst illa bragfræðilega skoðun. Nefna má fimm bragfræðilega ótæka lesháttu úr fyrri hluta kvæðisins:

- miqtoð mæran (bls. 621) (px#Px – væri einsdæmi)
 á salta steina (bls. 621) (x#Px#Px – væri einsdæmi)
 nótt með niðom (bls. 622) (P#x#px – væri einsdæmi)
 fundo alandi (bls. 622) (Px#pxx – væri einsdæmi)
 ióð-dísir Ás-kungar (bls. 623) (PSx#PSx – væri einsdæmi)

Djarfar endurgerðir á VÖLUSPÁ eru einnig til frá 20. öld og má hér nefna útgáfu Eiríks Kjerúlfs 1945. Eiríkur endurgerði kvæðið út frá kenningu um að það hefði upphaflega verið ritað með rúnalettri og að rúnirnar í hverri vísu hefðu verið heilt margfeldi af tölunni átta. Þessi reikningslist virðist þó ekki hafa skilað bragfræðilega vænlegum texta eins og eftirfarandi dæmi af handahófi sýna:

- mæran víði (Eiríkur Kjerúlf 1945:19) (Px#px – væri einsdæmi)
 hendi hægri inni (bls. 21) (Px#Px#Px – væri einsdæmi)
 Aurvanga sjötul (bls. 27) (PSx#px – væri einsdæmi)
 es folk í heimi (bls. 27) (x#P#x#Px – væri einsdæmi)

Helgi Hálfðanarson endurgerði einnig VÖLUSPÁ. Hans leiðarljós var að upphaflega hafi kvæðið haft reglulega stefjabálka og að með því að flytja til vísur mætti fá skýrara samhengi í textann. Samhliða þessu leiðrétti Helgi textann á nokkrum stöðum – þó mun sparsamlegar en Guðbrandur og Eiríkur. Hér eru fjórir staðir sem bragfræðin gæti haft skoðun á:

pursa megir (Helgi Hálfðanarson 1964:48) (px#Px – væri einsdæmi)
 ok hana brenndu (bls. 49) (x#Px#Px – væri einsdæmi)
 glýjaðr ok heiðr (bls. 50) (Px#x#P)
 hver alundinn (bls. 52) (p#psx – væri einsdæmi)

Þriðja vísuorðið þarna, „glýjaðr ok heiðr“, er það sem næst kemst því að vera eðlilegt (sbr. 29.2 „hringa ok men“) þótt sjaldgæf sé sú gerð. Hin þrjú væru bragfræðileg einsdæmi í kvæðinu. Ég get hvergi fundið í fornum skáldskap að *hána* hefjist á léttu atkvæði.

18. Lokaorð

VÖLUSPÁ er ort undir bragarhætti þar sem áhersla og þyngd atkvæða skipta máli. Úr þessu tvennu er hægt að smíða mörg mynstur og ýmis þeirra koma fyrir í kvæðinu. En það eru líka mjög mörg mynstur sem ekki koma fyrir. Bragfræðikenning verður að geta skilið þarna á milli.

Fornyrðislagi er stundum lýst svo að í hverju vísuorði komi fyrir tvö atkvæði sem bera áherslu og mismunandi fjöldi áherslulausra atkvæða. Sú lýsing er of almenn til að koma að verulegu gagni. Hún skýrir til dæmis ekki hvers vegna mynstrin x#px#Px og Px#Px eru algeng í VÖLUSPÁ en mynstrin x#Px#Px og x#Px#px koma þar aldrei fyrir.

Hér hef ég látið duga að lýsa VÖLUSPÁ einni en greining í sömu gerðir nýtist einnig á önnur kvæði undir sama bragarhætti. Þó er það svo að hvert kvæði hefur sín sérkenni. Sum kvæði eru nokkru reglulegri en VÖLUSPÁ og má þar nefna HYMISKVIÐU og SIGURDARBÁLK. Þar er minna um frávik frá algengustu gerðunum. Önnur eru óreglulegri, til dæmis HYNDLULJÓÐ og RÍGSPULA þar sem finna má mörg vísuorð sem aðeins hafa þrjár bragstöður. Erfitt er að draga skýr mörk en ATLAKVIÐA og HAMÐISMÁL geta varla talist hafa sama bragarhátt og VÖLUSPÁ.

Fimmgerðakerfi Sievers má vel nota til að greina fleiri hætti, svo sem dróttkvæðan hátt og ýmis afbrigði runhendu. Einnig hefur kerfið oft verið notað til að lýsa ljóðahætti en notagildið þar er ekki jafnljóst og um hina hættina. Í ljóðahætti koma fyrir svo margvísleg vísuorð að erfitt er að benda á dæmi um tortryggileg frávik eða orðmyndir sem ber að endurgera til fyrra málstigs.

Bragfræðin getur haft gildi í sjálfri sér til að lýsa mannlegri skynjun og upplifun á hrynjandi. En hún nýtist einnig sem þjónustugrein fyrir textafræði og sögulega málfræði. Þótt það orðspor fari af henni að hún sé dramblátur drottari með svipu á lofti er hitt sönnu nær að þegar maður kynnist henni svólítið er hún besta skinn.

HEIMILDIR

- Árni Magnússon. 1930. *Árni Magnússons levned og skrifter* II. *Skrifter*. Nordisk forlag, Kaupmannahöfn.
- Bliss, A. J. 1967. *The Metre of Beowulf*. Basil Blackwell, Oxford. [Fyrsta útgáfa 1958.]
- Bugge, Sophus (útg.). 1867. *Norræn fornkvæði. Islandsk samling af folkelige oldtidsdigte om Nordens guder og heroer almindelig kaldet Sæmundar Edda hins fróða*. P. T. Mallings Forlagsboghandel, Ósló.
- Eiríkur Kjerúlf. 1945. *Völuspá fornritanna og ýmiskonar atbuganir*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Fidjestøl, Bjarne. 1999. *The Dating of Eddic Poetry*. Bibliotheca Arnarnagæana XLI. C. A. Reitzels Forlag, Kaupmannahöfn.
- Finnur Jónsson (útg.). 1905. *Sæmundar-edda. Eddukvæði*. Sigurður Kristjánsson, Reykjavík.
- Fulk, R. D. 2016. Eddic metres. Carolyne Larrington, Judy Quinn og Brittany Schorn (ritstj.): *A Handbook to Eddic Poetry, 252–270*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Gade, Kari Ellen. 1995. *The Structure of Old Norse Dróttkvætt Poetry*. *Islandica* XLIX. Cornell University Press, Ithaca.
- Gísli Sigurðsson (útg.). 1998. *Eddukvæði. Mál og menning*, Reykjavík.
- Gottskálf Jenson. 2008. „Ævi Sæmundar fróða“ á latínu eftir Árna Magnússon. Gunnar Harðarson og Sverrir Tómasson (ritstj.): *Í garði Sæmundar fróða, 135–171*. Hugvísindastofnun, Reykjavík.
- Guðbrandur Vigfússon og F. York Powell. 1883. *Corpus poeticum boreale. The Poetry of the Old Northern Tongue* II. Clarendon Press, Oxford.
- Harris, Joseph. 2005. Eddic Poetry. *Old Norse-Icelandic Literature*. Carol Clover og John Lindow (ritstj.): *A Critical Guide*, bls. 65–156. University of Toronto Press, Toronto.
- Haukur Þorgeirsson. 2012. The origins of anacrusis in fornyrðislag. *Beiträge zur Geschichte der deutschen Sprache und Literatur* (PBB), 134:25–38.
- Haukur Þorgeirsson. 2013. *Hljóðkerfi og bragkerfi. Stöðhljóð, tónkvæði og önnur úrlausnarefni í íslenskri bragsögu ásamt útgáfu á Rímum af Ormari Fradmarssyni*. Hugvísindastofnun, Reykjavík.
- Haukur Þorgeirsson. 2014. [Ritdómur um] The Meters of Old Norse Eddic Poetry: Common Germanic Inheritance and North Germanic Innovation. *Saga-Book* 38:131–133.
- Heide, Eldar. 2006. *Gand, seid og ándevind*. Universitetet i Bergen, Bergen.
- Heimir Pálsson (útg.). 2013. *Uppsala-Edda. Handritið DG II 4to*. Opna, Reykjavík og Snorrastofa, Reykholti.
- Helgi Hálfðanarson. 1954. *Slettireka. Leikmannsþankar um nokkrar gamlar vísur*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

- Helgi Hálfðanarson. 1964. *Maddaman með kýrhausinn. Reynd ný leið í leitinni að Völuspá*. Leiftur, Reykjavík.
- Hoover, David L. 1985. *A New Theory of Old English Metre*. Peter Lang, New York.
- Hutcheson, B. R. 1995. *Old English Poetic Metre*. D. S. Brewer, Cambridge.
- Jónas Hallgrímsson. 1838. Gunnarshólmi. *Fjölnir* 4:31–34.
- Jónas Kristjánsson og Vésteinn Ólason. 2014. *Eddukvæði I. Goðakvæði*. Íslenzk fornit. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 1980. *Quantity in Historical Phonology. Icelandic and Related Cases*. Cambridge Studies in Linguistics 30. Cambridge University Press, Cambridge.
- Kristján Árnason. 1991. *The rhythms of dróttkvætt and other Old Icelandic metres*. Málvísindastofnun, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 2005. *Hljóð. Íslensk tunga I*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 2013. *Stíll og bragur. Um form og formgerðir íslenskra texta*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 2016. Text and form in eddic metres. Four lifts and how many types. Kristján Árnason, Stephen Carey, Tonya Kim Dewey, Haukur Þorgeirsson, Ragnar Ingi Aðalsteinsson og Þórhallur Eyþórsson (ritstj.): *Approaches to Nordic and Germanic Poetry*, 63–115. Málvísindastofnun og Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Kuhn, Hans. 1933. Zur Wortstellung und -betonung im Altgermanischen. *Beiträge zur Geschichte der deutschen Sprache und Literatur* 57:1–109.
- Louis-Jensen, Jonna og Tarrin Wills (útg.). 2007. Plácitusdrápa. Margaret Clunies Ross (ritstj.): *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages 7. Poetry on Christian Subjects*, 179–220. Brepols, Turnhout.
- Myrvoll, Klaus Johan. 2014. *Kronologi i skaldekvæde. Distribusjon av metriske og språklege drag i høve til tradisjonell datering og attribuering*. Institutt for lingvistiske og nordiske studium, Oslo.
- Ólafur Ólafsson. 1965. Völuspá Konungsbókar. *Árbók Landsbókasafns Íslands* 22:86–124.
- Poole, Russell. 2005. Metre and metrics. Rory McTurk (ritstj.): *A Companion to Old Norse-Icelandic Literature and Culture*, 265–284. Blackwell, Oxford.
- Quinn, Judy. 2000. Editing the Edda—the case of *Völuspá*. *Scripta Islandica* 51:69–92.
- Rask, Erasmus Christianus. 1818. *Edda Sæmundar hinns fróða. Collectio carminum veterum scaldorum Sæmundiana dictam*. Typis Elmenianis, Stokkhólmi.
- Samplonius, Kees. 2003. *Imago Dei in Völuspá*. *Arkiv för nordisk filologi* 118:77–87.
- Sievers, Eduard. 1879. Beiträge zur Skaldenmetrik II. *Beiträge zur Geschichte der deutschen Sprache und Literatur* 6:265–376.

- Sievers, Eduard. 1885. *Proben einer metrischen Herstellung der Eddalieder*. Ludwig Friedrich Fues, Tübingen.
- Sievers, Eduard. 1893. *Altgermanische Metrik*. Niemeyer, Halle.
- Sigurður Kristófer Pétursson. 1924. *Hrynjandi íslenzkrar tungu*. Steindór Gunnarsson, Reykjavík.
- Sigurður Nordal (útg.). 1933. *Egils saga Skallagrímssonar*. Íslenzk fornrit II. Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík.
- Suzuki, Seiichi. 2014. *The Meters of Old Norse Eddic Poetry. Common Germanic Inheritance and North Germanic Innovation*. De Gruyter, Berlin og Boston.
- Terasawa, Jun. 2011. *Old English Metre. An Introduction*. University of Toronto Press, Toronto.
- Þorgeir Sigurðsson. 2014. Nýjar skjálffhendur á 12. öld. *Són* 12:55–67.

S U M M A R Y

Professor Sievers' multi-tailed whip The metrics of Vøluspá

Keywords: Eddic poetry, fornyrðislag, Sievers-Bliss system, metrics, Vøluspá

The article presents and defends the Sievers-Bliss system of metrical analysis as it applies to Vøluspá. The system is defended as useful for the following purposes:

- a) To reveal archaic linguistic forms not found in the manuscript texts, such as *Háars and *velspáa which predate the assimilation of áa to á.
- b) To identify stylistically important features such as the hypermetric verse 50.3 ‘gnýr allr jötunheimr’ (“all the land of the giants resounds”) where the unusual metrical structure accentuates the semantic content.
- c) To identify vowel length in mythological names such as Lóðurr and Brimir. Similarly, to identify the correct reading in verse 18.8 as ‘ok litu góða’ (“and good color”) rather than ‘ok litu goða’ (“and the color of the gods”).
- d) To assist in evaluating manuscript variants. The Codex Upsaliensis has readings such as ‘tungls tregari’ and ‘traða halir helvega’ which

would be metrically unique in the poem – a likely indicator of textual corruption.

- e) To evaluate and restrain scholarly conjectures. Guðbrandur Vigfússon proposed conjectural verses such as ‘miqtoð mæran’ and ‘á salta steina’ which are metrically unique, detracting from their plausibility.

The Sievers-Bliss system is complicated and unsightly and many have desired a simpler and more elegant theory. But any alternative system must be able to deliver results such as those listed above. It is non-trivial to develop a simpler alternative that is equally powerful.

Haukur Þorgeirsson
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Árnagarði við Suðurgötu
IS-101 Reykjavík, ÍSLAND
haukurth@hi.is



III

Ritstjórnarefni

Óðfræðifélagið Boðn

Annáll ársins 2016

Aðalfundur Óðfræðifélagsins Boðnar var haldinn 17. febrúar 2016 í Esperantóhúsinu að Skólavörðustíg 6b og hófst kl. 17. Þórunn Sigurðardóttir, formaður Boðnar, setti fund og skipaði Helga Skúla Kjartansson fundarstjóra og Öldu Björk Valdimarsdóttur fundarritara. Fundargerð síðasta aðalfundar var lesin upp og samþykkt einróma. Annáll ársins 2015 var lesinn upp, en hann er prentaður í *Són* 13 (2015), bls. 186–187. Í stjórn voru endurkosin Helgi Skúli Kjartansson, Þórunn Sigurðardóttir og Alda Björk Valdimarsdóttir. Varamenn voru kosnir Kristján Eiríksson og Ragnar Ingi Aðalsteinnsson. Sjálfkjörnir í stjórn eru ritstjórar *Sónar* og *Braga óðfræðivefs*. Þau eru: Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, Haukur Þorgeirsson og Bjarki Karlsson. Skoðunarmenn reikninga voru kosin Kristján Árnason og Rósa Þorsteinsdóttir.

Són. Tímarit um óðfræði, 13. árgangur, kom út á árinu.

Hinn 15. apríl 2016 var hið árlega Boðnarþing haldið í Aðalbyggingu Háskóla Íslands, stofu 050. Þingið hófst kl. 13.00 og því lauk kl. 16.30. Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir setti þingið en ráðstefnustjóri var Guðrún Ingólfssdóttir. Fluttir voru sex fyrirlestrar.

Dagskrá Boðnarþings 2016 var sem hér segir:

Bjarki Karlsson, málfræðingur, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: *Kerfisfræði rímnabátta: Söguleg þróun og vannýtt tækifæri*.

Eva María Jónsdóttir, bókmenntafræðingur, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: *Þrjár gerðir rímna af Gretti Ásmundarsyni*.

Helgi Skúli Kjartansson, sagnfræðingur, Menntavísindasviði Háskóla Íslands: *Grímur og Gautur: Búarímur sem svar við Pétri Gaut?*

Rósa Þorsteinsdóttir, þjóðfræðingur, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: „Það vill heldur djassinn ...“: *Rímnakveðskapur á síðustu öld*.

Valgerður Kr. Brynjólfssdóttir, bókmenntafræðingur, Hótel Leirubakka: *Hvernig lín breytist í mórðara: Um rímurnar af Mábil sterku og munnlega geymd þeirra*.

Þórarinn Eldjárn, skáld: *Er hægt að yrkja nútímarímur í alvöru?*

Alls voru haldnir þrjú stjórnarfundir á árinu auk aðalfundar: 11. janúar, 17. febrúar (aðalfundur), 24. ágúst og 22. nóvember. Stjórnarmeðlimir héldu hver sínu embætti. Þórunn Sigurðardóttir formaður, Bjarki Karlsson gjaldkeri og Alda Björk Valdimarsdóttir ritari. Meðstjórnendur eru Helgi Skúli Kjartansson, Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Haukur Þorgeirsson. Hin tvö síðastnefndu, ritstjórar Sónar, fara saman með eitt atkvæði á fundum.

Stjórn sótti um styrk til menntamálaráðherra og fékk 250.000 krónur. Ráðgert er að halda næsta Boðnarþing snemma á vormisseri 2017.

Þórunn Sigurðardóttir,
formaður Óðfræðifélagsins Boðnar

Aðalfundur Óðfræðifélagsins Boðnar 2017

Aðalfundur Óðfræðifélagsins Boðnar 2017 verður haldinn þriðjudaginn **28. febrúar** í Hámu á Háskólatorgi og hefst kl. 16.

Dagskrá verður sem hér segir:

1. Skipan fundarstjóra og fundarritara.
2. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
3. Annáll ársins 2016.
4. Reikningar lagðir fram.
5. Kosning í stjórn.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga.
7. Önnur mál.

Þórunn Sigurðardóttir, formaður

Boðnarþing 2017

Ljóðlist á 21. öld

Árlegt **málþing** Óðfræðifélagsins Boðnar verður haldið í **Odda**, húsi félagsvísinda í Háskóla Íslands, föstudaginn **28. apríl**, kl. 13–17.

Erindi flytja:

- » *Alda Björk Valdimarsdóttir*
- » *Bergljót S. Kristjánsdóttir og Guðrún Steinþórsdóttir*
- » *Benedikt Hjartarson*
- » *Kjartan Már Ómarsson*
- » *Ragnar Ingi Aðalsteinsson*

Upplestur úr skáldverkum:

- » *Lommi (Jón Örn Loðmfjörð)*
- » *Bjarki Karlsson*

Nánari dagskrá verður auglýst þegar nær dregur á vef Boðnar (bodn.is) og á Facebook-síðu félagsins (Són og Boðn).

Allir velkomnir

Áskrifendur *Sónar* eru hvattir til að koma og taka með sér gesti.

Greinar

Rósa Þorsteinsdóttir:

„Það vill heldur djassinn ...“ – Um vinsældir rímnakveðskapar á síðustu öld

Þorgeir Sigurðsson:

Tvískelfdur háttur og REKSTEFJA

Heimir Pálsson:

Tilraun til menningarbyltingar

Sigurður Konráðsson og Ragnar Ingi Aðalsteinsson:

Hlutföll hljóða í ljóðstöfum

Haukur Þorgeirsson:

Hnútasvipa Sievers prófessors – Um bragfræði VÖLUSPÁR

Atli Harðarson:

Dýðing á SKÖPUNINNI eftir Oðýsseas Elýtis

Helgi Skúli Kjartansson:

Sönglög og bragliðir

Þórunn Sigurðardóttir:

„Af hrærðum hjörtum“ – Tregablandið þakklæti
í heillaósk til handa ársögmlu barni eftir Ara Jochumsson

Kolbrún Lilja Kolbeinsdóttir:

Stigið yfir þröskuld táranna – Um UPPHAFNINGU INÖNNU eftir Enhedúönnu

Þórður Helgason:

Boð á ástarfund

Sónarljóð

ÓMUNATÍÐ

eftir Sigurð Pálsson

Ljóðskáld og þýðendur

Dagur Hjartarson, Eiríkur Örn Norðdahl, Guðrún Hannesdóttir,
Jón Ingvar Jónsson, Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, Sigurlín Bjarney
Gísladóttir, Soffía Bjarnadóttir og Þórður Helgason.

Auk þeirra birta Atli Harðarson og Kolbrún Lilja Kolbeinsdóttir
eigin ljóðabýðingar í greinum sínum.